



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2006**

Góðir Íslendingar.

Við hjónin óskum ykkur öllum gleðilegs árs og vonum að hækkandi sól færi birtu og bjartsýni í sérhvern rann og létti göngu allra sem í daglegri önn glíma við erfiðar þrautir.

Gæfan hefur verið hliðholl okkur Íslendingum, þjóðin vaxið frá fátækt fyrri tíma til meiri efna en þekkest í flestum ríkjum. Kynslóðin sem lifir nú sitt ævikvöld skilaði ærnu verki, lagði grundvöll að velsældinni sem við njótum og skapaði skilyrði fyrir framfarasókn okkar tíma.

Á æskuskeiði hinna eldri hafði þjóðin um aldir búið við þröngan kost, heimastjórn og fullveldi voru nýlega í höfn en heimskreppan á næsta leiti. Þúsundir heimila áttu erfitt með að ná endum saman og óvissa ríkti um framtíðina.

Þessi kynslóð ýtti úr vör með fátt annað en hugsjónaeld í veganesti, metnað um framför þjóðarinnar og drauma um að skapa sér og sínum betra líf. Árangurinn varð svo sannarlega glæsilegur. Ævistarfið skilaði Íslendingum í fremstu röð og unga fólkið nýtur nú ávaxtanna, getur lagt veröldina að fótum sér því heimanmundurinn reyndist drýgri en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

Við stöndum í mikilli þakkarskuld við það góða fólk, foreldra, afa og ömmur, ættmenni öll sem ruddu brautir og mikilvægt að við metum að verðleikum framlag þeirra.

Það er til marks um siðmenningu hvernar þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið og gerir þeim kleift að njóta áranna sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlynningu.

Margt hefur vel verið gert á þessu sviði og við hjónin höfum í heimsóknum okkar víða um land séð glæsileg og vel búin húsakynni, hitt áhugasamt starfsfólk sem kappkostar að auðga líf heimilismanna. Engu að síður skortir enn verulega að bætt hafi verið úr brýnni þörf.

Margar fjölskyldur þekkja af eigin raun erfiðleika sem fylgja því að finna öldruðum viðeigandi dvalarstað og biðlistar sem stofnanir og hjúkrunarheimili glíma við hafa reynst þrautin þyngri. Óvissan er hinum öldruðu þungbær og fjölskyldum þeirra oft hugarkvöl.

Afkoma og aðbúnaður aldraðra þarf að færast einna fremst í forgangsröð og ef einhverjum vex í augum fjárþörfin á þessu sviði þá er hollt að minnast þess að ævin líður undra hratt og fljótt kemur að okkur sjálfum. Líklega verða kröfur okkar meiri en hinna sem lifðu við nægjusemi enda erum við góðu vön frá atlætinu sem hin fyrri kynslóð veitti okkur.

Vonandi berum við gæfu til að skapa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld og finna þakklætinu farveg til frekari umbóta þeim til handa.

Hér þurfa allir að leggjast á árar, Alþingi og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og atvinnulífið, sameinast um að finna lausn á brýnum vanda og skilja engan útundan í þessum efnunum. Verkefnið er hafið yfir allan ágreining enda þakkarskuldin söm og jöfn hvar í flokki sem menn standa.

Hinir yngri eiga oft erfitt með að skilja til hlítar kraftaverkið sem hinir öldruðu hafa skilað, að umskapa Ísland og gera þjóðina gjaldgenga í samanburði við önnur ríki.

Liðin öld var mesti framfarartími í sögu okkar, umbæturnar af mörgu tagi, í atvinnulífi og samfélagsháttum, vísindum, tækni, menningu og listgreinum sem sumar voru í fyrstu framandi flestum.

Þjóðin eignaðist afreksfólk á mörgum sviðum, meistara í fremstu röð þótt veraldarfrægðin léti á sér standa enda samskiptin þá við umheiminn önnur.

Við eigum óunnið hið brýna verk að kynna heiminum marga frábæra listamenn sem Ísland ól í árdaga lýðveldistímans, snillinga sem eingöngu ræktuðu garðinn hér heima en gáfu okkur verk sem jafnast á við hið besta sem þekkist í veröldinni.

Þótt hálf öld sé síðan Halldór Laxness hlaut æðsta heiður bókmenntanna hefur heimurinn enn ekki uppgötvað Kjarval eða Ásmund Sveinsson, svo að dæmi séu nefnd, og heillandi áskorun að gera nú bragarbót, sýna hve litríkur sá listagarður var sem orðið hefur arfleifið hinna yngri, heimanfylgja Ólafs Elíassonar, Georgs Guðna, Bjarkar, Sigur Rósar, leikhópsins úr Vesturportu og margra fleiri sem nú njóta viðurkenningar og hylli á erlendri grundu. Og hróður rithöfundanna berst enn víða, Sjón fékk Norðurlandaverðlaunin á liðnu ári og sigurganga Arnaldar er líkust ævintýri.

Ég nefndi við opnun Kjarvalssýningar á liðnu hausti þegar 120 ár voru liðin frá fæðingu listamannsins að fróðlegt væri að kynnast því hvernig erlendir kunnáttumenn vegsama Kjarval og setja hann í samhengi við jöfra heimsins í myndlistinni, mæla á kvarða sem við höfum vanrækt, kannski vegna þess að í okkar huga er Kjarval íslenskari en flest sem íslenskt er, hluti af vitund okkar um landið og náttúruna.

Sama hugsun leitaði á mig þegar ég gekk fyrir skömmu í nágrenni New York borgar um frægan höggmyndagarð sem kenndur er við Donald Kendall, en hann var í áratugi forstjóri alþjóðlegs stórfyrirtækis og ákvað að setja upp listaverk eftir helstu snillinga heims á grænum völlum við miðstöð starfseminnar. Þarna er að finna stórar höggmyndir eftir Henry Moore, Miro, Giacometti og aðra sem hæst risu í listaheimi liðinnar aldar. Og þar stendur einnig verk Ásmundar Sveinssonar „Í gegnum hljóðmúrinn.“ Kendall sá það hjá Ásmundi í sérkennilega húsinu sem listamaðurinn reisti sjálfur við Sigtún í Reykjavík.

Það vakti stolt að sjá hve vel verk Ásmundar sómndi sér í samanburði við hina meistarana enda sagði Donald Kendall sem háaldraður gekk með okkur um þennan fallega garð að Ásmundur væri án efa heimsfrægur ef fátækt og einangrun fámennrar þjóðar hefði ekki fyrrum komið í veg fyrir að veröldin nyti verka hans.

En nú erum við hvorki fátæk né einangruð. Þvert á móti eru þjóðartekjur óvíða hærri og við höfum greiðan aðgang í allar áttir. Okkur eru allir vegir færir og ekkert að vanbúnaði. Því kynnumst við vel nánast daglega hér á Bessastöðum í viðræðum við stríðan straum af áhrifafólki í menningu, listum, viðskiptum og vísindum víða að úr veröldinni sem ber að garði en einnig með þátttöku í fjölmörgum viðburðum víða um heim.

Á liðnu ári var haldið í opinbera heimsókn til Kína með fjölmenna sveit úr íslensku atvinnulífi, forystumenn yfir hundrað fyrirtækja, fulltrúa háskólanna og vaskan hóp áhugafólks úr ýmsum áttum.

Skömmu síðar kom forseti Indlands hingað til okkar með fríðu föruneyti, vísindamenn, forstjóra fyrirtækja, listamenn og annað áhrifafólk. Það var í fyrsta sinn sem forseti Indlands kom hingað og reyndar er land okkar fyrsta norræna ríkið sem forseti Indlands sækir heim.

Það er táknið um breytta heimsmynd og hefðu þótt stórtíðindi á fyrri árum að Ísland nyti slíkra tengsla við Indland og Kína, tengsla sem skapa okkur fjölmörg ný tækifæri – sóknarfæri sem margar aðrar þjóðir vildu gjarna njóta.

Í Indlandi og Kína býr um þriðjungur mannkyns og í náninni framtíð verða þau ásamt Bandaríkjunum helsta aflvélín í hagkerfi heimsins, þótt enn glími þau við fátækt til sveita og í milljónaborgum. Indland er fjölmennasta lýðræðisríki veraldar og hagvöxtur í Kína sífellt undrunarefni. Bæði löndin leggja nú aukna áherslu á rannsóknir og háskólamenntun til að styrkja stöðu sína á sem flestum sviðum og er ótrúlegt að sjá herdeildir rannsóknarfólks og vísindamanna sem þar eru í önnum.

Það eru mikil forréttindi fyrir okkur Íslendinga að Indverjar og Kínverjar vilji efla samvinnu við okkar þjóð og leggi áherslu á að gera hana árangursríka. Það skapar okkur vænlega stöðu í hinu nýja hagkerfi heimsins.

Ég veit af löngum kynnum við Indverja að þegar þeir setja stefnuna á Ísland getur því fylgt margvíslegur ávinningur. Viðræður við leiðtoga Kína á liðnu ári sannfærðu mig einnig um að þeir telja að samvinna við Íslendinga geti orðið báðum þjóðum til mikils gagns.

Viðskipti, vísindi og menning verða burðarásar í þessari þróun og fjölmörg fyrirtæki og þúsundir landsmanna munu njóta góðs af henni.

Sambandið við Indland og Kína auðveldar íslensku athafnafólki að ná forystu á heimsmarkaði eins og mörg íslensk fyrirtæki hafa raunar þegar gert og fróðlegt er að kynnast því að Kínverjar og Indverjar kjósa oft frekar að eiga íslensk fyrirtæki að bandamönnum í markaðssókn til annarra landa en að binda trúss sitt við stórfyrirtæki í Evrópu eða vestan hafs. Í þessum efnum veitir smæðin okkur forskot, sérstöðu sem úrslitum ræður.

Háskólarnir eiga hér einnig sóknarfæri enda greinilegt að samvinna við íslenska vísindamenn og sérfræðinga er Kínverjum og Indverjum keppikefli. Þekkingarsköpun á fjölmörgum sviðum mun í vaxandi mæli eiga sér höfuðvígi í þessum löndum og það var mér því fagnaðarefni nú fyrir jólin að ýta úr vör með Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands nýju Asíuveri, miðstöð fyrir rannsóknir og umræðuefni sem hin nýja heimsmynd færir okkur. Asíuverið er vitnisburður um framtíðarsýn háskólanna og ný samvinnuform á fræðasviði.

Þegar ég tók við embætti forseta Íslands áréttaði ég ærið oft að brýnt væri að líta í auknum mæli til Asíulanda og ánægjulegt er að sjá þá framtíðarsýn verða nú að veruleika, finna áhuga unga fólksins á þessari álfu.

Það kemur mörgum á óvart hve mörg fjölþætt og skapandi verkefni geta sett svip á samskiptin við hin fjölmennu ríki; hönnun og húsagerð,

tónlist og myndlist, vísindi og menntun en líka umfjöllun um réttindabætur og siðmenningu. Hingað kom á liðnu sumri öflug sveit frá háskóla í Kína þar sem lagadeildin ein telur þúsundir nemenda og markmiðið var að leggja grundvöll að samvinnu við Íslendinga um kennslu í mannréttindum.

Já, það eru sannarlega nýir tímar og við eigum svo marga góða kosti að vandi verður úr að velja. Hin nýja heimsmynd er okkur hliðholl og tækifærin í öllum álfum.

Í heimsóknum til Búlgaríu, Serbíu og Rússlands, og fleiri landa í austanverðri Evrópu, hef ég glöggt fundið að breytingarnar þar hafa einnig opnað okkur nýja möguleika, jafnvel á sviðum þar sem við áður vorum lítt að verki, í lyfjaframleiðslu, upplýsingatækni, fjármálastarfsemi og félagsþjónustu svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Í Bandaríkjunum bíða okkar líka tækifæri á mörgum sviðum: í útflutningi á afurðum íslensks landbúnaðar, á vatninu okkar og skyrinu góða, í orkubúskap og vetnisnotkun, við þróun tækni sem dregur úr hættu á umturnun loftslags, í rannsóknum á hafstraumum og við nýsköpun í heilbrigðismálum. Við höfum kannski haft of þrönga sýn á hve fjölþættan ávinning samskiptin við Bandaríkin geta skapað.

Í þessum efnum gildir hið sama og um Kína og Indland, Rússland og ríkin í Evrópu austanverðri, eða við landvinninga okkar fólks í Bretlandi, Danmörku og fleiri nágrannalöndum – alls staðar eru það þekking og hæfni sem úrslitum ráða.

Menntunin sem hin unga kynslóð hefur hlotið er sú auðlind sem mestu varðar og áriðandi að við leggjum áfram rækt við hana.

Skólarnir eru orkuverin sem drýgst munu reynast, þekking og þjálfun eiginleikar sem úrslitum ráða hvort heldur er í framfarasókn á heimavelli eða í útrás til annarra landa.

Hvað við getum og hvað við gerum ræður mestu um orðstír okkar. Ef við höldum rétt á málum bíða okkar bjartir tímar, hagsæld sem fært getur öllum betra líf, bæði öldruðum sem skilað hafa ærnu ævistarfi og æskunni sem gengur nú fyrstu spörin.

Íslendingar eru gæfuþjóð og við vonum að heilladísir vaki áfram yfir landi okkar.